

Ed.

839. Frumvarp til laga

[174. mál]

um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 277 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Samvinnuskólinn og Verslunarskóli Íslands hafa rétt til að rækja áfram það fræðslustarf, sem þeir hafa hingað til annast, og til að auka það og sérhæfa, eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu úr rikissjóði ásamt 80% af kostnaði við rekstur heimavistar, þar sem hennar er þörf, og skal framlag rikissjóðs að hámarki miðað við kostnað í skólum rikisins á sama fræðslustigi.

Stofnkostnaður kennslu- og heimavistarhúsnæðis, sem byggt verður í þágu þessara skóla eftir gildistöku laganna, skal greiddur úr rikissjóði að 80 hundraðshlutum.

Nefndar fjárveitingar eru háðar því skilyrði, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé hafi verið veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarfrankvæmdum. Framlag rikissjóðs til stofnkostnaðar kennslu- og heimavistarhúsnæðis telst áfram eign rikisins, og getur ráðuneytið tekið sinn hluta húsnæðisins til annarra nota, er það er ekki hagnýtt í þágu viðkomandi skólastofnana.

Framlög rikisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við megin stefnu 5. gr. þessara laga, svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar skólanefndir við Samvinnuskólann og Verslunarskólann. Einn fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu skipar ráðherra án tilnefningar, en aðra samkvæmt tilnefningu eignaraðila.

Nefndin kys sér formann og varaformann.

Skólanefnd ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann og fer með fjárreiður skólans.

Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið. Skólastjóri og skólaráð stjórna daglega starfi sérskóla samkv. 7. og 9. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum: skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennu kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.